



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Einkaviðburðir

Vegna fyrirspurna sem Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur hafa borist að undanfögnu um einkaviðburði s.s. brúðkaup, fermingarveislur, efridrykkjur o.fl.

Á undanföngnum mánuðum síðan fyrsta bylgja Covid-19 gekk yfir í vor og svo önnur bylgja í sumar hefur fólk verið að fresta ýmsum viðburðum, vegna stöðu mála og sóttvarna.

Borið hefur á þreytu vegna þessa og fólk vill gjarnan hittast, bæði til að gleðjast og styðja hvert annað á sorgarstundum.

Varðandi fyrirspurnir til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um hvað sé leyfilegt er þetta varðar er eftirfarandi tekið fram:

Virða þarf reglur sóttvarnaryfirvalda um takmarkanir varðandi samkomuhald og ráðlagt að fylgjast með breytingum er það varðar o.fl. á www.covid.is. Einnig er bent á leiðbeiningar á <https://reykjavik.is/upplýsingasida-heilbrigdiseftirlits-reykjavikur-vegna-covid-19>

Í samkomusölum eða byggingum þar sem tekið er á móti gestum og/eða teknar eru á leigu vegna viðburða, gilda 2 metra fjarlægðarmörk og er fólk ráðlagt að kanna áður en boðið er til viðburðar hversu marga gesti það getur haft miðað við aðstæður hverju sinni. Skoða þarf líka í samhengi við fjarlægðarmörkin hvort sitja eigi til borðs eða hvort um standandi viðburð sé að ræða og meta hve marga aðstaðan leyfir út frá því. Þannig getur fjöldinn verið mismunandi. Einnig þarf að hafa í huga að ef hluti gesta er heimilisfólk (býr á sama heimili) gilda þessi fjarlægðarmörk ekki um það fólk sín á milli og getur haft áhrif á gestafjöldann.

Spurt hefur verið hvernig fólk eigi að haga sér í heimahúsum og er fólk þar eins og annars staðar ráðlagt að haga sér skv. reglum sóttvarnaryfirvalda.

Í öllum þessum aðstæðum ráðleggur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur að farið sé að reglum og leiðbeiningum sóttvarnaryfirvalda, notuð sé heilbrigð skynsemi og að lágmarki sé tryggt alls staðar þar sem fólk er boðið inn sem ekki deilir sama heimili, að handþvottaaðstaða og/eða handspritt sé aðgengilegt og að hægt sé að virða tveggja metra regluna. Hver og einn ber ábyrgð á sér og eins að sýna öðrum tillitssemi.

„Afpökkum kossa og knús“ óviðkomandi fólks og þorum að segja að við virðum 2 metra regluna þar sem það á við.